

Alþingi
Erindi nr. P 131/1417
komudagur 20.4.2005

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

19. apríl 2005

Efni: Umsögn um 583. Mál, þingskjal 874.

„Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.“

Í frumvarpinu er lagt til að „Vöruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins“ fái viðtækara hlutverk en verið hefur. Í stað þess að einskorða styrkveitingar úr sjóðnum við að efla vöruþróun og markaðsstarf síldarafurða er lagt til að honum verði heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Í fylgiskali með frumvarpinu frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.

Landssambandi smábátæigenda – LS - finnst skorta í frumvarpið upplýsingar um starfsemi „Vöruþróunar- og markaðssjóð síldarútvegsins“. Í athugasemdum með frumvarpinu koma engar upplýsingar fram um sjóðinn, hvaða verkefni hann hefur styrkt, hvaða árangur styrkveitingar hafa leitt til o.þ.h. upplýsinga sem nauðsynlegt er að hafa við hendina þegar umsögn er veitt. Þá verður það að teljast óviðunandi að ekki séu veittar upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins í frumvarpinu. Aðeins í fylgiskali með frumvarpinu frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.


Umsögn LS ber því nokkurn keim af upplýsingaskorti.

Það er skoðun LS að auka eigi áherslu á vöruþróun og markaðsmál í sjávarútvegi. Á sl. misserum hefur komið í ljós að í þeim þáttum er það helst sem skórinn kreppir að. LS leggur því til að frumvarpið hljóti ekki afgreiðslu. LS telur að starfsemi sjóðsins eigi að vera óbreytt, starfa á þröngu sviði í stað þess að dreifa kröftunum til þeirra þátta sem lagt er til í frumvarpinu.

Að lokum bendir LS á að engar upplýsingar fundust við leit á veraldarvefnum, um „Vöruþróunar- og markaðssjóð síldarútvegsins“, sem skýrir kannski áhugaleysi fyrir sjóðnum sem greint er frá í athugasemdum frumvarpsins, „Þá hafa tiltölulega fáir aðilar sótt um styrki úr sjóðnum frá stofnun hans“.

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátaeigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri